

Nýr keppinautur rafsendibíla

6



Kraftmikill og hagkvæmur

10



Skemmtilegi rafbíllinn

Fjöldi rafbíla siglir nú hraðbyri til landsins og fyrstu haustsendingarnar eru komnar. Einn þessara bíla er Honda e sem vakið hefur athygli fyrir að vera hlaðinn tækni-búnaði. Við prófum hann og fleiri rafdrifna bíla hér í blaðinu þar sem áherslan er á rafmagn að þessu sinni. **4**



MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða pontun@olis.is og fáið nánari upplýsingar.





Alls voru 289 stykki af Tesla Model 3 afhent í septembermánuði.

Rafbílar helmingur innflutningsins

Samkvæmt Facebook-síðunni Bensínláus bættust 498 rafmagnsbílar við flota landsmanna í september. Stór hluti þessara bíla er frá Tesla eða 313 talsins en einnig kom stór sending 42 ID.3- bíla

» Rafbílar og tengiltvinnbílar voru alls 64,14% innflutningsins í september.

frá Volkswagen í mánuðinum. Alls voru 1.015 nýir bílar skráðir í september og eru því 49% innflutningsins 100% rafmagnsbílar.

Til viðbótar við þessar tölur voru rúm 15% innfluttra bíla í september tengiltvinnbílar svo að rafdrifnir bílar í þeim mánuði eru alls 64,14% innflutningsins. Þann 1. október eru 5.539 rafbílar skráðir í landinu sem gerir 2,5% allra skráðra bíla í landinu.

Maxus-rafbílamerkið í Skeifuna

Með ört vaxandi samkeppni á rafbílamarkaði er viðbúið að ný bílamerki liti dagsins ljós á markaði í Evrópu og reyndar víðar. Eitt af þessum merkjum er Maxus sem er undir hatti SAIC-framleiðslurísans frá Kína.

Suzuki hefur hafið innflutning á Maxus-merkinu og þá rafbílahluta þess, en fyrsti bíllinn til að mæta í Skeifuna er e-Deliver 3 sendibíllinn sem er til umfjöllunar seinna í blaðinu. Hann er fyrsti Kínaframleiddi sendibíllinn sem kemur á markað í Evrópu og fyrsta landið sem hafið hefur sölu á honum er Noregur, sem fékk fyrstu bílana í apríl á þessu ári. Næstur í röðinni er Euniq MPV sem er sjö manna fjölskyldubíll.

Að sögn Sonju G. Ólafsdóttur, markaðsstjóra Suzuki, verður Euniq eini sjö manna rafmagnsbíllinn á Íslandi þegar hann kemur í desember. Bíllinn er byggður á G50 sem kynntur var fyrir Kína-markað í fyrra en hann er með 1,5 lítra bensínvél. Euniq var frumsýndur á bílasýningunni í Sjanghæ í fyrra og er búinn 116 hestafla rafmótor.

Jepplingur í kortunum

Fleiri spennandi valkostir eru í boði hjá Maxus, sem er undir hatti SAIC sem einnig framleiðir MG-rafbíla.

Er þar helst að telja Maxus Euniq 6 sem er rafdrifinn jepplingur byggður á nýju MERA-botn-



Maxus Euniq MPV verður eini sjö manna rafbíllinn þegar hann kemur á markað hér í desember.



Maxus Euniq 6 er 170 hestafla jepplingur með allt að 600 km drægi.

plötunni og hefur verið kynntur í Kína. Sá bíll er með einum, 170 hestafla rafmótor sem skilar 310 newtonmetra togi, en það sem er meira um vert er að hann er sagður hafa allt að 600 km drægi samkvæmt NEDC-staðlinum.

Það eru því spennandi tímar fram undan hjá Suzuki í Skeifunni undir merkjum Maxus, sem fengið hefur salinn við hliðina á Domino's þar sem mótorhjólin voru áður.

JEPPA DEKK



DEKKJAFJÓNUSTA TÍMAPANTANIR Í SÍMA 540 4900



Dick CEPEK
TIRES & WHEELS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29 - 44".

KANNAÐU ÚRVALIÐ! VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS

Arctic Trucks Ísland ehf | Kletthálsi 3 110 Reykjavík
Sími: 540 4900 | Netfang: info@arctictrucks.is | www.arctictrucks.is



Polestar Precept er líklegur til að hafa allavega 500 km drægi.

Polestar Precept fer í framleiðslu

Það er aðeins tæplega hálft ár síðan Polestar frumsýndi tölvugerða útgáfu Precept-tilrauna-bílsins. Nú hefur framleiðandinn svo ákveðið að bíllinn fari í framleiðslu og mun hann keppa við bíla eins og Porsche Taycan, Lucid Air og Tesla Model S.

Bíllinn er stór á velli enda 4,7 metrar að lengd með hjólhaf sem er hvorki meira né minna en 3,1 metri. Hann verður líka byggður á SPA2-undirvagninum sem er næsta kynslóð undirvagna fyrir stærri bíla Volvo.

Precept verður flaggskip rafbílamerkisins og verður notað mikið af endurvinnanlegum og náttúrulegum efnum í hann. Polestar hefur einnig gefið út að Precept verði framleiddur í nýrri verksmiðju í Kína sem verður með kolefnisjöfnun frá a-ð. Precept fær þó líklegast ekki að halda nafninu en þeir tveir bílar sem

» Polestar Precept verður byggður á SPA2-undirvagninum sem er næsta kynslóð undirvagna fyrir stærri rafdrifna bíla Volvo.

komið hafa frá Polestar hingað til heita einfaldlega 1 og 2. Um 2.000 framleiðslueintök Polestar 2 voru reyndar innkölluð á dögnum vegna galla í hugbúnaði sem leitt gat til þess að bíllinn hætti skyndilega akstri.

Bíll 3 er væntanlegur innan skamms og verður það rafjepplingur en hvort Polestar Precept fái nafnið 4 er enn ekki staðfest. Búast má við að bíllinn verði kynntur seint á árinu 2022 og komi á markað snemma árs 2023.

FRÉTTABLAÐIÐ
Bílar

Umsjón blaðsins
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is | Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. | Kalkofnsvegur 2 | 101 Reykjavík | Sími 550 5000



Nýr og rafmagnaður
Honda e
Hannaður
fyrir borgina



Næsti uppýsinga um 5 ára ábyrgð Honda er á www.honda.is/avrgd

5 ÁRA ÁBYRGÐ
HONDA Á ÍSLANDI

Biðin er á enda, Honda e er kominn.

Honda e býr yfir einstökum aksturseiginleikum og er skapaður fyrir borgarakstur. Hönnunin er framúrskarandi að utan sem innan, bíllinn er rúmgóður en um leið nettur og fallegur. Rafmagnið fullkomnar svo akstursánægjuna – enda losunin engin.

Komdu í heimsókn í nýjan sýningarsal Honda á Krókhálsi 13 og reynsluaktu þessum einstaka bíl. Við tökum vel á móti þér.

Honda e kostar frá

4.390.000 kr.

Sjálfskiptur, 136 hestöfl, 220km drægi.



ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/hondaisland

KOSTIR OG GALLAR	Grunnverð: 4.390.000 kr.			Farangursrými: 171 l Eigin þyngd: 1.518 kg	KOSTIR ■ Tækniþúnaður ■ Lipur ■ Liggur vel	GALLAR ■ Drægi ■ Farangursrými ■ Fótaþláss aftur í
	Rafhlaða: 35,5 kWst. Rafmagnsnotkun: 18-20 kWst/100 km DC-hleðsla: 100 kW Hestöfl: 154 Tog: 315 newtonmetrar	Drægi: 220 km Hröðun 0-100 km: 8,3 sek Hámarkshraði: 145 km/klst. Farangursrými: 380 l L/B/H: 3.894/1.752/1.512 mm Hjólhaf: 2.530 mm				



Útlit bilsins er skemmtileg blanda af gamaldags línun áttunda áratugarins og nýmóðins áherslum í ljósum og felgum svo eitthvað sé nefnt. MYNDIR/TRYGGLVI ÞORMÓÐSSON

Honda e – skemmtilegi rafbíllinn

Reynsluakstur
Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Það vakti athygli þegar Honda ákvað að koma með rafbíl á markað í fyrsta skipti og færa sig þannig inn í öld rafbíla. Billinn var frumsýndur í fyrra og er nú kominn til landsins og í sölu hjá nýjum höfuðstöðvum Honda að Krókhálsi.

Honda ætlar sér greinilega að fara óhefðbundnar leiðir með þessum bíl sem er hannaður með útliti Honda Civic frá áttunda áratug fyrri aldar. Ekki bara það heldur á hann sér fáa keppinauta og er meira hugsaður sem borgarsnattari heldur en bíll sem leysa eigi allar þarfir nútímafjölskyldunnar, eins og mörgum bílum í dag virðist ætlað að gera.

Fyrir það fyrsta er bíllinn aðeins fjögurra sæta sem er óvenjulegt. Afturhurðir bilsins eru mjög aftarlega og með ólíkindum að Honda hafi náð að koma þeim fyrir. Það kemur manni á óvart að bíllinn sé fjögurra dyra því að hann virkar lítill utan frá, eins og tveggja dyra. Munar þar um mikið hjólhaf fyrir ekki stærri bíl en það er 2.530 mm. Til samanburðar má nefna að hjólhaf fyrstu kynslóðar Civic var aðeins 2.200 mm.

Lipur og léttur í akstri

En hvernig bíll er Honda e undir niðri? Hann er með 152 hestafla rafmótor og frekar lítilli rafhlöðu sem rúmar 35,5 kWst.

Rafmótorinn er settur á afturdrifið og fjöðrunin er sjálfstæð allan hringinn. Fyrir vikið fer ekki mikið fyrir framhjólunum og auðvelt að leggja mikið á bilinn og reyndar er snúningshringurinn sá

minnsti sem undirritaður hefur prófað í nokkrum bíl, eða aðeins 8 metrar. Þar sem bíllinn er afturhjóladrifið vill hann því aðeins yfirstýra í kröppum beygjum ef gefið er of snögg inn. Því kemur sér vel að stýrið er fljótt að taka við sér enda talsvert dobblað.

Stýrishjólið sjálft er tveggja arma og er einstaklega þægilegt í notkun og góð tilbreyting frá fjögurra arma stýrishjólum með takka alls staðar. Drægi bilsins er aðeins 220 km sem stenst engan veginn samanburð við helstu samkeppnisaðila og er einn af helstu göllum bilsins.

Þröngur aftur í

Að setjast inn í bílinn er ekki eins erfitt og ætla mátti og er reyndar bara þægileg upplifun, ef talað er um framsætin. Þar er gott fótaþláss og óvenju stór og þægileg sæti fyrir þessa stærð af bíl.

Hins vegar er plássíð af skornum skammti aftur í fyrir höfuð og sér í lagi fætur og þá sérstaklega við inn- eða útstig. Reyndar fer ágætlega um meðalstóran mann í sætinu þegar hann er búinn að koma sér fyrir enda þarf ekki að keppa um pláss við neinn miðju-farþega.

Farangursrýmið er mjög lítið og dugir kannski fyrir leikfimis-töskuna en ekki meira. Útsýni út úr bílnum er þrælgott miðað við marga bíla í dag. Hann er búinn myndavélum í staðinn fyrir hliðarspeglar og er maður furðu fljótur að venjast því að horfa ekki lengur út fyrir bilinn til að horfa aftur. Helsti kosturinn við þann búnað er hversu vel sést inn í annars svokölluð blind svæði, sem er nánast útrýmt með þessum búnaði.

Breiðtjald innandyrar

Ekki verður skrifað um Honda e



Myndavélarnar taka ekki mikið pláss og gera bílnum kleift að smeygja sér víða enda minnka þær breiddina.



Farangursrýmið er aðeins 171 lítri og varla til meiri afkasta en að leggja frá sér leikfimistöskuna.



Höfuðpláss og sérstaklega fótaþláss er af skornum skammti aftur í.



Það minnir helst á bílabíó, ofgnóttin af upplýsingaskjáum í mælaborði Honda e en þeir eru tveir auk mælaborðs.

152 hestafla rafmótorinn er settur á afturdrifið og fjöðrunin er sjálfstæð allan hringinn.

án þess að minnast á upplýsingaskjái sem ná óslitið milli myndavélaskjáanna og mynda óslitna heild litaskjáa eftir bílnum þverum.

Auðvelt er að nota skjáina og fáir takkar þar fyrir utan til að flækja málin enn frekar, en notkun og fletting getur virkað aðeins seinvirkari en maður á að venjast. Í raun og veru er um tvo 12,3 tommu upplýsingaskjái að ræða auk skjás fyrir mælaborðið.

Sjötti skjárin er svo í baksýnis-speglinum, kjósi kaupendur að velja dýrari gerð bilsins. Hægt er að nota skjáinn lengst til vinstri sem afþreyingarskjá fyrir farþegann. Kerfið styður Apple Carplay, en það tekur yfir upplýsingar eins og hvað er eftir af drægi þegar það er í notkun.

Dýr – en samt ekki

Það er erfitt að bera Honda e saman við aðra rafbíla og kemur þar marga til. Hann hefur verið gagnrýndur fyrir verðið sem nálgast verð á nýjum og mun stærri VW ID.3 en er reyndar aðeins ódýrari hér en erlendis í þeim samanburði.

Helstu samkeppnisaðilar hans eru Mini Electric, Peugeot e-208 og Renault Zoe en þeir eru undir sömu sök seldir, að vera einu númeri of dýrir miðað við stærri gerðir rafmagnsbíla. Af þeim þremur er Mini Electric bestur til samanburðar enda sækja þeir báðir í sömu nostalgíuna. Verðið á þeim er svipað en Mini kostar frá 4.950.000 kr.

Það sem aðgreinir þá er hinn fullkomni tækniþúnaður sem er fyrir hendi í Honda e og gerir bilinn að þeirri söluvöru sem hann er. Zoe og e-208 eru ódýrari en Mini en Renault-bíllinn kostar frá 4.450.000 kr. og sá franskir frá 4.390.000 kr. sem er í raun og veru það sama og grunnverð Honda e. Það má því segja að Honda e standi sig vel í samkeppni á verði sambærilegra rafbíla.



Way of Life!

SUZUKI JIMNY ALVÖRU JEPPI



GOOD DESIGN AWARD 2018

GOLD AWARD

Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:

- Sterkbyggð grind
- Mikil veghæð
- Heilar hásingar með gormafjöðrun
- Fjór hjóladríf með lágu drifi

VERÐ FÁ KR.

4.290.000

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



• Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

KOSTIR OG GALLAR Maxus e-Deliver 3	Grunnverð: 5.280.000 kr. Hestöfl: 122 Tog/Nm: 255 Hámarkshraði/km: 120	Eyðsla/kWst: 13,84 Drægi/km: 235 Rafhlaða/kWst: 35 Flutningsrými/l: 4.800	Flutningsgeta/kg: 1.000 L/B/H/mm: 4.555/1.780/1.900	KOSTIR ■ Verð ■ Ágætis búnaður	GALLAR ■ Útsýni aftur ■ Enginn útihita-mælir



Maxus e-Deliver 3 er annar rafdrifni sendibíllinn sem í boði er hérlandis í þessum flokki. MYNDIR/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Nýr keppinautur rafsendibíla

Reynsluakstur
Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Maxus-merkið var kynnt til sögunnar fyrir Evrópumarkað í Noregi í júní síðastliðnum en fyrsti billinn til að koma á markað var Maxus e-Deliver 3. Í fyrstu sendingu komu 328 bílar til Noregs en alls höfðu yfir 1.000 pantanir komið í þennan rafdrifna sendibíl. Fyrsti billinn er mættur í Skeifuna og við próf-uðum hann á dögnum.

Maxus e-Deliver 3 er fáanlegur í langri og stuttri útgáfu og var það sú stutta sem við höfðum til prófunar. Billinn er búinn 35 kWst rafhlöðu með drægi upp á 235 km en einnig er hægt að fá hann með stærri 52 kWst rafhlöðu sem hefur 340 km drægi samkvæmt WLTP-staðlinum. Báðar útgáfurnar eru 122 hestöfl sem gera hann snarpan

í bæjarakstri en aflið er minna á ferðinni. Hámarkshraðinn er ekki nema 120 km á klst. sem kemur sér vel í landi með aðeins 90 km hámarkshraða. Billinn er lipur í snúningum enda leggja rafbílar almennt betur á stýri en aðrir bílar.

Vel búinn búnaði

Um ágætlega búinn bíl er að ræða í e-Deliver 3 og má þar meðal annars nefna upplýsingaskjá með bakkmyndavél, aðgerðastýri, blátannarbúnað fyrir farsíma og regnskynjara. Það er eitthvað skrítið með kinnverska bíla og útihitamæla sem er ekki til staðar í þessum bíl, en einmitt prófunardaginn var smávægis hálka um morguninn. Sætin eru stór og þægileg og eru með armhvílum og þar að auki upphituð. Að vísu er billinn aðeins tveggja manna fyrir vikið. Gott pláss er í margs konar hölfum, bæði milli sæta og í mælaborði, en ekkert þeirra er lokað.

Útsýni aftur með bílnum er ansi takmarkað og koma þar nokkrir hlutir til. Enginn baksýnisspegill er í bílnum enda hvorki rúða yfir í flutningsrými né á afturhurðum bílsins. Hliðarrúður eru litlar og nær bitinn fyrir aftan þær það langt fram að það verður talsvert blint svæði til hliðanna. Stórir hliðarspeglar gera lítið til að bæta ástandið.

Verðið samkeppnishæft

Flutningsrými bílsins er aðgengi-legt þar sem það er góð opnun á afturhurðum en hliðarhurð mætti vera stærri. Festingar eru í gólfi aftast en vantar fremst í flutningsrýmið. Í minni útgáfunni tekur hann tvær pallettur, og getur sú aftari verið bæði þversum eða langsum. Lengri útgáfan getur tekið þrjár pallettur þversum. Helsti samkeppnisaðili e-Deliver 3 á markaði hérlandis er Nissan E-NV200 en hann kostar ívið meira eða frá 5.390.000 krónum.



Plássíð er gott í framsætum sem eru með armhvílum og upplýsingaskjár með bakkmyndavél og blátannarbúnaði er staðalbúnaður.



4.800 lítra flutningsrýmið tekur tvær pallettur og 1.000 kíló.

MICKEY THOMPSON

M/T

JEPPADEKK

DEEGAN 38 A/T BAJA MTZp3 BAJA ATZp3 DEEGAN 38 BAJA CLAW BAJA CLAW TTC

Icetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Lucid Air er með lægsta vindstuðul lúxusbíla, aðeins 0,21, og ásamt þeim 1.080 hestöflum sem hann hefur úr að spila gefur það hámarkshraðann 270 km/klst.

Lucid Air líka með hröðustu hleðsluna

Stutt er síðan Lucid Air rafbíllinn var frumsýndur en hann er væntanlegur á markað innan nokkurra mánaða.

Tækniupplýsingar bílsins hafa vakið mikla athygli enda fáheyrdar, og má þar nefna allt að 810 km drægi og 1.080 hestöfl með tveimur rafmótorum í Air Dream Edition-útgáfunni. Mun það gera bílnum kleift að komast í hundræðið á aðeins 2,5 sekúndum og er hámarkshraðinn 270 km á klst.

Hefur Lucid Air háð einvigi við

» Á hraðhleðslustöð mun hann geta hlaðið 480 km drægi á aðeins 20 mínútum.

Tesla Model S Plaid undanfarinn mánuð um hraðasta hringinn á Laguna Seca-brautinni. Fyrst náði Lucid Air besta tíma brautarinnar


með tímanum 1 mínútu og 41 sekúndu en tjúnuð útgáfa Tesla Model 3 bætti þann tíma fyrir mánuði og fór á 1 mínútu, 35,79 sekúndum. Tesla Model S Plaid bætti svo um betur fyrir skömmu og náði 1 mínútu og 30 sekúndum en við prófanir í vikunni náði Lucid Air tímanum 1 mínútu, 31,3 sekúndum sem er ansi nálægt tíma Tesla.

Besti hleðslutíminn

Rafhlaðan er 113 kWst og mun geta hlaðið bílinn með hraða sem

ekki hefur sést áður. Á hraðhleðslustöð mun hann geta hlaðið 32 km af drægi á mínútu sem er 480 km á aðeins 20 mínútum. Það er hraðasta hleðsla sem sést hefur í fjöldaframleiddum rafbil hingað til.

Um mitt næsta ár kemur Air Grand Touring útgáfan með enn meira drægi, eða 832 km, en hestöflin fara niður í 800 talsins. Grunnútgáfan mun kallast Air Touring og verður 620 hestöfl og með 650 km drægi.



Mynd úr myndbandi sem sýnir hvernig tækni Toyota virkar.

Toyota þróar sjálfkeyrandi bíla

Toyota ætlar að þróa sinn eigin hugbúnað og tækniþúnað fyrir sjálfkeyrandi bíla á næstu árum.

Að sögn heimildarmanns Fréttablaðsins í Japan er Toyota að ráða mikið af vel menntuðu starfsfólki í þá deild sína sem fer ört stækkanði. Er stefnan sett á að þróa kerfi sem talar við ökumanninn og tengist öllu upplýsingakerfi bílsins.

Meðal samstarfsaðila Toyota í þessu verkefni er MIT AgeLab í Massachusetts. Þar er verið að þróa gervigreind í sjálfkeyrandi bíla sem gerir bílnum kleift að læra betur á umhverfi sitt í hverri ferð.

Eins og hjá öðrum sem þróa næstu kynslóð sjálfkeyrandi ökutækja byggir tæknin á útbreiðslu 5G-kerfis fyrir farsíma og því er talsvert í að við förum að sjá slík ökutæki eins og hér er lýst, og þó?

Reykjafell.is



Aflmiklar hleðslustöðvar

Hleðslustöðvarnar frá ABL eru sérlega vandaðar og henta fyrirtækjum og fjölbýli fullkomlega. Þær eru álagsstýrðar, með nauðsynlegum varnarbúnaði og stýrt með appi eða RFID dropa. Ýmsir greiðslumöguleikar í boði á bakenda kerfisins sem einfalda húsfélögum innheimtu.

Skoðaðu úrval hleðslustöðva fyrir rafbíla á Reykjafell.is



Fullkomin yfirsýn í notendavænu appi

Hleðslu stjórnað með appi

Mælingar í skýinu

Staða mæla og reikningar í appi

RFID GSM 22 kW hleðslugeta

E-píla á teikniborðinu


Pierer Mobility er að hanna nýja línu af rafdrifnum Husqvarna-mótorhjólum sem væntanleg eru á markað árið 2022. Hjólin byggja á útliti Svartpílen- og Vitpílen-hjólanna og munu einfaldlega heita E-Pílen.

Mynd af E-Pílen hjólinu sást nýlega á efni sem sent var á fjárfesta og sýnir hjólið með bæði 4 kW og 10 kW rafmótor auk skiptanlegrar rafhlöðu. Pierer hefur einnig hannað rafhjól fyrir KTM og GasGas en þessi merki eru öll í eigu KTM. GasGas er að



E-Pílen er aðeins skyssa eins og er og útlitið gæti breyst á tveimur árum.

fara að setja á markað TXE-klifur-hjólið með 15 kW rafmótor. Hingað til hafa þó bara komið torfæruhjól frá merkjum KTM en E-Pílen verður fyrsta götuhjólið.



Skuggamyndin sýnir efri hluta bílanna sjö frá Kia sem væntanlegir eru.

Sjö rafbílar á sjö árum

Kia hefur staðfest að von sé á sjö rafbílum frá merkinu fram til 2027 sem hluti af Plan S rafbílastefnu merkisins.

Að sögn Kia gerir merkið ráð fyrir að 25% Kia bíla verðir rafdrifnir árið 2029. Ásamt því að staðfesta þetta sendi Kia frá sér skuggamynd með sjö bílum sem virðast vera af ýmsum gerðum.

Þarna má sjá eitthvað sem líkist fullvöxnum jeppling, langbak og sportlegum fjölskyldubíl í „Shooting Brake“-útgáfu. Fremst á myndinni er Coupe jepplingurinn sem er væntanlegur innan skamms en hann er kallaður CV eins og er.

Ef þessi stefna Kia gengur eftir

verður merkið vel í stakk búið til að keppa við stóru rafbílamerkin eins og Tesla og Volkswagen, en bæði merkin eru óðum að koma frá sér fleiri gerðum rafbíla. Volkswagen frumsýndi nýlega VW ID.4 til viðbótar við ID.3 og stutt er í frumsýningu ID.6, en næsti bill Tesla er Model Y.

Búast má við að framtíðarrafbílar Kia verði byggðir á E-GMP undirvagninum frá Hyundai Group. Hann byggir á svipuðu 800 volta rafkerfi og Porsche Taycan og getur ráðið við 350 kW hraðhleðslustöðvar. Mun undirvagninn verða faanlegur í mismunandi stærðum til að henta mismunandi farartækjum.



Hversu langt ætli sé í að við sjáum rafdrifið Polaris-fjór hjól eins og þetta?

Polaris og Zero semja

Polaris og Zero hafa skrifað undir samning um að rafvæða framleiðslu Polaris-merkisins á næstu tíu árum.

Zero er framleiðandi rafdrifinna mótorhjóla en Polaris framleiðir aðallega fjór hjól og snjósleða, auk þess að framleiða Indina-mótorhjólin. Indina mun þó ekki vera hluti af þessum samningi heldur aðeins torfærutækin.

Það skyldi þó ekki útiloka að rafdrifið Indian-mótorhjól gæti verið í kortunum því að Harley-Davidson framleiðir rafdrifna LiveWire-mótorhjól. Það hefur vakið athygli að undanfögnu gegnum nýja þætti leikaranna Ewans McGregor og

» Polaris framleiðir aðallega fjór hjól og snjósleða en áætlað er að framleiðslan verði rafdrifin á næstu tíu árum.

Charleys Boorman þar sem þeir aka þeim eftir endilangri Suður- og Norður-Ameríku.

Greinilegt var að fjárfestum leist vel á samninginn því að verð hluta-bréfa í Polaris hækkaði eftir að samningurinn var undirritaður.



Lamborghini framleiðir meðal annars Urus-sportjeppann ásamt sportbílum. MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

Er Lamborghini á leið á markað?

Á dögum COVID-19 fara ýmis bíla-merki í naflaskoðun og ekki síst þau sem eru með mörg undir sínum hatti eins og Volkswagen Group.

Volkswagen er að skoða möguleika á að setja Lamborghinimerkið á markað, segir í frétt frá Reuters, en það er haft eftir ónafngreindum heimildarmanni innan Volkswagen Group. Líklegt er að merkið verði selt að hluta en þó þannig að Volkswagen haldi enn ráðandi hlut í merkinu.

Lamborghini hefur heyrt undir Audi-merkið sem er líka hluti af VW Group. Mun þetta hafa verið rætt á stjórnarfundum VW Group í síðustu viku, en einnig var rætt um framtíð Bugatti- og Ducati-merkjanna.

Ducati er frægt mótorhjólamerki sem heyrir undir VW en hefur enga beina tengingu við þá að öðru leyti. Meðal þess sem skoða á er að finna samstarfsaðila sem aðstoðað geta við að rafvæða sportbílamerkin.

Munu fjárfestar hafa sett sig í samband við VW Group með það í huga, en Volkswagen vill ekkert láta hafa eftir sér um það. Herbert Diess, forstjóri Volkswagen Group, lét hafa það eftir sér fyrir nokkrum dögum að tilkynnt yrði um „mikilvæg skref“ fyrir framtíð bílamerkisins fyrir lok árs.

Hvort það muni þýða sölu Lamborghini á eftir að koma í ljós en það eru auðvitað stórar fréttir ef svo er.



Hyundai RM20e er afturhjóladrifinn með hröðun undir þremur sekúndum.

Hyundai með rafdrifinn rallbíl

Hyundai kynnti fyrir viku rafbílinn RM20e og þótt enn einn rafbíl sé ekki endilega stórfrétt þessa dagana er þessi allrar athygli verður. Hér er nefnilega á ferðinni rallbíl sem skilar 810 hestöflum í afturdrifið og 960 newtonmetra togi.

Hröðunartölur bílsins eru eftir því og mun hann vera undir þremur sekúndum í hundraðið og fer í 200 km á klst. á undir tíu sekúndum.

» Hyundai RM20e er rafdrifinn rallbíl sem skilar 810 hestöflum í afturdrifið og 960 newtonmetra togi.

Að sögn Hyundai markar RM20e þann metnað sem merkið hefur til framleiðslu alvöru rafbíla og N-keppnisbíla. „RM20 e sameinar eiginleika keppnisbíls með afli, jafnvægi og bremsukerfi um leið og hann er hljóðlátur og tilbúinn til aksturs á götunni,“ segir í yfirlýsingu frá Hyundai.

Hyundai tekur þó sérstaklega fram að bíllinn muni ekki taka alveg yfir N-línuna jafnvel þótt við munum sjá N-merkta tvinnbíla.



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

KOSTIR OG GALLAR

Toyota RAV4 PHEV

Grunnverð: 8.550.000 kr. Hestöfl: 306 Hröðun 0-100 km: 6 sek. Eyðsla l/100 km: 1,2 í bl. akstri CO2 g/km: 22 Drægi rafhlöðu: 75 km	Hámarkshraði EV: 135 km Rafhlaða: 18,1 kWst Eigin þyngd: 1.980 kg Farangursrými: 520 l	KOSTIR - Afl - Drægi - Hljóðlátur	GALLAR - Verð - Hastur á möl
---	---	--	---



Að utan er tengiltvinnútgáfa RAV4 keimlik tvinnútgáfunni en það sem er undir niðri er allt annar handleggur. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Blandar saman krafti og hagkvæmni

Reynsluakstur
Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Eru rúm 300 hestöfl og sex sekúndna upptak ásamt 1,2 lítra eyðslu of gott til að vera satt?

Það eru eflaust margir aðdáendur hins vinsæla Toyota RAV4 búnir að biða eftir komu PHEV-útgáfunnar til landsins. Kraftmiklir jepplingar í tengiltvinnútgáfum eru góð söluvara þessa dagana og er RAV4 PHEV engin undantekning. Billinn er einn sá kraftmesti sem í boði er í þessum flokki og er það aðeins Toyota Supra sem státar af meira afli hjá merkinu. Að koma með RAV4 sem PHEV er ekki aðeins það að bæta við hann aðeins stærri rafhlöðu. Tengiltvinnútgáfa RAV4 er búin 2,5 lítra vélinni annars vegar sem skilar í þessari útfærslu 185 hestöflum auk 134 kW rafmótors að framan og 40 kW á afturdrifi. Samtals skilar billinn því 306 hestöflum þegar báðar aflrásirnar eru notaðar, en það dugar til þess að billinn er aðeins sex sekúndur í hundraði. Þótt aflið komi sér vel þegar á þarf að halda er það í raun og veru hversu mikill rafmagnsbíll hér er á ferðinni sem skiptir máli.

Mikið drægi rafhlöðu
RAV4 PHEV hefur 75 km drægi á rafhlöðunni samkvæmt WLTP-



Í bilnum er öflugri útgáfa 2,5 lítra bensínvélarinnar og 134 kW rafmótor.

staðlinum sem er mjög gott fyrir tengiltvinnbíl. Auk þess er billinn alltaf stilltur á 100% rafdrif þegar akstur hefst og þarf að stilla hann sérstaklega á aðra aksturhami. Aksturstillingarnar eru fjórar, en auk EV-stillingarinnar er svo kölluð Auto-stilling sem notar rafmótorinn aðallega en bætir við bensínvélinni þegar þörf er á. Í Hybrid-stillingunni er billinn stilltur á hámarksafköst á báðum aflrásum og með hleðslustillingu gengur billinn á bensínvélinni eingöngu á meðan hún hleður einnig rafhlöðuna. Þegar billinn kveikir á bensínvélinni í akstri takmarkar hann

» **Toyota RAV4 PHEV hefur 75 km drægi á rafhlöðunni samkvæmt WLTP-staðlinum sem er mjög gott fyrir tengiltvinnbíl.**

afl hennar fyrstu tvær mínúturnar meðan hún er köld.

Enn hljóðlátari
Í sjálfu sér er ekki mikill munur á hefðbundnum útgáfum RAV4 og PHEV-útgáfu, hvorki útlitslega né í rými bílsins.



Þar sem að RAV4 PHEV er talsvert þyngri finnst manni hann hastari á möl.

Billinn er sá fyrsti frá Toyota þar sem MyT-appið er notað sem gefur möguleika á að fjarstýra miðstöð eða fylgjast með hleðslu rafhlöðunnar. Plássið er jafngott og áður og aðeins munar á farangursrými þar sem gólfíð hefur verið hækkað um 35 mm og er nú alls 520 lítrar. Að vísu er RAV4 PHEV 260 kílóum þyngri og það finnst aðeins í akstri, en þyngsta gerð tvinnútgáfu bílsins er 1.720 kíló. Það er helst að það skipti máli í akstri á malarvegi þar sem hann er talsvert hastari en bensínbillinn. Að öðru leyti virkar hann mjög svipaður í akstri og er ef eitthvað, aðeins hljóðlátari enda þurfti að leggja meira í hljóðeinangrun í raf-

bilnum. Minnir akstur RAV4 PHEV meira á rafbíl en tengiltvinnbíl að mörgu leyti.

Dýrari en samkeppnin
Helsti keppinautur Toyota RAV4 PHEV er líklega Peugeot 3008 PHEV en hann er 300 hestöfl með allt að 59 km drægi á rafhlöðunni. Í 300 hestafla útgáfunni kostar hann frá 6.930.000 kr. á móti grunnverði RAV4 PHEV sem er 1,5 milljónum herra. Er það auðvitað ansi mikill munur í þessum flokki. Aðrir væntanlegir samkeppnisaðilar eru Kia Sorento PHEV og Hyundai Tucson PHEV en þeir koma ekki til landsins fyrr en á næsta ári.

ALVÖRU JEPPAR ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

Jeep | 4xe

FORSALA Á NÝJUM PLUG-IN HYBRID JEEP RENEGADE OG COMPASS

ÓTRÚLEGT FORSÖLUVERÐ Á BÍLUM HLÖÐNUM LÚXUSBÚNAÐI

Jeep heldur áfram að vera tákn frelsis og ævintýra. Nú kynnum við nýja plug-in-hybrid jeppa, sem við bjóðum á frábæru forsöluverði.

Hlaðnir búnaði með alvöru fjórhjóladrifi (lágu drifi), bakkmýndavél, rafdrifnum leðursætum (Compass), rafdrifnum afturhlera (Compass), lykillausu aðgengi og ræsingu, hita í stýri og framsætum, 8,4" skjá og leiðsögukerfi, blindhornsvörn og bílastæðaaðstoð.

Skoðaðu rekstrarhagkvæma tvinn-jeppa, rafmagns og bensín, á forsöluverði á jeep.is

FYRSTA SENDING UPPSELD!

ÖNNUR SENDING VÆNTANLEG Í NÓVEMBER



JEEP COMPASS LIMITED 4X4
5.999.000*

PLUG-IN-HYBRID

4xe



JEEP RENEGADE TRAILHAWK 4X4
5.499.000*

PLUG-IN-HYBRID

4xe

RAFMAGNAÐUR

GOÐSÖGN KNÚIN RAFORKU

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR

S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS

OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

*Verð miðað við gengi USD 132, svartur Compass, hvítur Renegade.

 **ISBAND**



Rafhlöðurnar eru á þaki vagnsins.

Mercedes eCitaoro með nýrri rafhlöðu

Mercedes eCitaoro G-rafstrætisvagninn hefur verið heimsfrumsýndur og státar meðal annars af 220 km drægi. Það mun þykja gott fyrir strætisvagn og er það fastformsrafhlaða eða Solid State, sem gerir það meðal annars kleift. Reyndar verður vagninn búinn tvenns konar rahlöðum, annars vegar hefðbundinni 396 kWst lithium-rafhlöðu eða 441 kWst fastformsrafhlöðu.

Einn af kostum fastformsrafhlaða á að vera hraðari hleðslutími en að sögn tækni-

manna Mercedes er það ekki tilfellið með eCitaoro, heldur er verið að horfa til meiri drægis með rafhlöðunni og að hún henti betur þar sem hlaðið er yfir nótt. Ef hlaðið er reglulega yfir daginn á stoppustöðvum mun lithium-rafhlaðan henta betur.

Vagninn er búinn einum rafmótor á hvorum öxli og skila þeir 125 kW hvor, og er togið 485 newtonmetar fyrir hvorn um sig. Búast má við vetnisknúnni útgáfu árið 2022 sem mun auka drægi vagnsins til muna.

Ívilnanir vegna tengiltvinnbíla

Að óbreyttu mun virðisauka-skattsvilnun fyrir tengiltvinnbíla lækka úr 960.000 krónum niður í 600.000 krónur um næstu áramót, segir í fréttatilkynningu frá Bilgreinasambandinu. Þetta helgast af lögum sem voru samþykkt í lok árs í fyrra og kveða á um lækkun ívilnana í þrepum á næstu árum. Að mati Bilgreinasambandsins er augljóst að þetta muni leiða til

beinna verðhækkana á þessum tegundum bíla.

Bilgreinasambandið telur ýmis rök vera til staðar um að fresta beri þrepalækkunum og að ívilnun vegna tengiltvinnbíla verði haldið óbreyttri í eitt ár til viðbótar. Hefur sú tillaga verið lögð fyrir bæði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og umhverfisráðherra.



Mercedes-Benz hefur þegar komið fram með minni rafknúna atvinnubíla sem ganga fyrir hreinni raforku.

Mercedes-Benz kynnir áætlun um rafvæðingu vörubifreiða

Mercedes-Benz ætlar sér stóra hluti í framleiðslu á rafknúnum vörubílum á næstu árum.

Framleiðsla mun hefjast á eActros-vöruflutningabilnum árið 2021 en eActros verður með vel yfir 200 km drægi og er hann er hugsaður í vörudreifingu og þjónustu innan borgarmarka. Þá mun Mercedes-Benz stefna að því að framleiðsla hefjist árið 2024 á eActros Long-Haul sem verður langdrægari

vöruflutningabíll sem knúinn er alfarið áfram af rafmagni með drægi nálægt 500 km.

Mercedes-Benz hefur einnig kynnt hugmyndabíl sem nefndur hefur verið Mercedes-Benz GenH2. Um er að ræða vörubíl með 40 tonna heildarþyngd og allt að 25 tonna burðargetu. GenH2-vörubíllinn gengur fyrir vetni og á að geta ekið allt að þúsund km á einni áfyllingu. Vetnisknúnir bílar eru í raun rafbílar þar sem

vetnið er eldsneytið fyrir rafhlöðuna (fuel-cell) sem síðan knýr rafmótorana. Vetnið er geymt í fljótandi formi við -253°C á tanki sem er inni í öðrum tanki með lofttæmt rými milli tanka. Samkvæmt upplýsingum frá Daimler, eiganda Mercedes-Benz, er stefnt að því að reynsluakstur og prófanir viðskiptavina geti hafist á GenH2-vörubílum árið 2023 og að fjöldaframleiðsla mun hefjast á síðari hluta áratugarins.

ÍSKRAFT

eo

HLEÐSLU-STÖÐVAR

Eigum úrval hleðslustöðva fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki. Hagstætt verð, gæði og falleg hönnun.

EÖ hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar sameina gæði og hagstætt verð í fallettri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu.

Ískraft - sérfræðingar í hleðslustöðvum.

Smiðjuvegur 5 / 200 Kópavogur www.iskraft.is / Sími 535 1200